

**SVAR VIÐ FYRIRSPURN****Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir svari við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 12. október sl., um kostnað vegna ráðstefnuferðar borgarstjóra og fleiri starfsmanna borgarinnar til Amsterdam. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Nú í vikunni fer borgarstjóri fyrir fjögurra manna sendinefnd borgarinnar á ráðstefnu um nýsköpun í Amsterdam. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað borgarinnar vegna ferðarinnar.“

Samkvæmt upplýsingum úr fjárhagskerfi borgarinnar á lykllum 5720 og 5722 má sjá sundurliðun á kostnaði í eftirfarandi töflu. Ráðstefnan átti sér stað þann 8. – 12. október sl. og voru þátttakendur tveir starfsmenn frá skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara, einn starfsmaður frá þjónustu- og nýsköpunarsviði og einn starfsmaður frá umhverfis- og skipulagssviði.

Kostnaðarstaður	Lykill		Fjárhæð
Skrifstofa borgarstjóra	5722	Dagpeningar starfsmanna	86.920
Skrifstofa borgarstjóra	5722	Dagpeningar starfsmanna	62.964
Skrifstofa þjónustuhönnunar	5722	Dagpeningar starfsmanna	86.641
Skrifstofa sviðsstjóra PON	5722	Dagpeningar starfsmanna	86.730
Fjármáladeild USK	5722	Dagpeningar starfsmanna	86.600
	5722	Dagpeningar starfsmanna	409.855
Skrifstofa borgarstjóra	5720	Fargjöld starfsmanna	98.085
Fjármáladeild USK	5720	Fargjöld starfsmanna	77.585
	5720	Fargjöld starfsmanna	175.670
		Samtals	585.525

Virðingarfyllt,
Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs